



NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

Gróðurfar á Kolkuósmelum, í
Skagafirði.
Úttekt vegna umhverfismats.


Hjalti Þórðarson og Valgeir Bjarnason

NNV-2000-002
September 2000



NÁTTÚRUSTOFA Norðurlands vestra

Lykilsíða

Skýrslunúmer: NNV-2000-002	Dagsetning: September 2000	Dreifing: ☒ Opin ☐ Lokuð til
Heiti skýrslu: Gróðurfur á Kolkuósmelum, í Skagafirði. Úttekt vegna umhverfismats.		Upplag: 10 Fjöldi síðna: 4
Höfundur / höfundar: Hjalti Þórðarson Valgeir Bjarnason		Verkefnisstjóri / verkefnisstjórar: Þorsteinn Sæmundsson
Gerð skýrslu / verkstig: Umhverfismat vegna sorpurðunar		Verknúmer: NNV-2000-Verk 001
Unnið fyrir: Verkfræðistofuna Línuhönnun		
Samvinnuaðilar: Hólaskóli í Hjaltadal		
Úrdráttur: Að beiðni Verkfræðistofunnar Línuhönnunar var gerð úttekt á gróðurfari í landi Kolkuóss í minni Hjaltadals í austanverðum Skagafirði. Lyngmóarnir við Kolkuós eru mjög einsleitir og virðast vera tiltölulega fátækir af tegundum. Tegundum og landslagi svipar til annars mólendis og eina tegundin sem ekki er algeng víðast í mólendi er einirinn.		
Lykilorð: Kolkuós, Hjaltadalur, Skagafjörður, Gróðurfur, Sorpurðunarsvæði, Umhverfismat		ISBN-númer:
Undirskrift verkefnisstjóra: 	Yfirfarið af: ÞS	

GRÓÐURFAR Í LANDI KOLKUÓSS SKAGAFIRÐI

UMHVERFISMAT VEGNA SORPURÐUNAR

**Hjalti Þórðarson
Valgeir Bjarnason**

September 2000



UMHVERFISMAT – GRÓÐURFAR

Skýrsla þessi er unnin af Náttúrustofu Norðurlands vestra að beiðni Verkfræðistofunnar Línuhönnun. Hún fjallar um úttekt á gróðurfari á fyrirhuguðu sorpurðunarsvæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar á Kolkuósmelum í Viðvíkursveit í minni Hjaltadals.

Náttúrustofa Norðurlands vestra réð þá Hjalta Þórðarson og Valgeir Bjarnason, sem starfa að Hólum í Hjaltadal til verksins. Farnar voru tvær könnunarferðir, sú fyrri þann 22. júní og hin síðari þann 1. september.

Hér er metið gróðurfar á tilvonandi sorpurðunarsvæði á Kolkuósmelum sem afmarkast af Vagnslóð að vestanverðu og Kross- og Finnbogahólum að austan. Mestur hluti Kolkuósmela liggur í 20 – 40 m hæð yfir sjávarmáli, landslagið flatt með lágum gróðurlitlum ásum og holtum sunnantil. Ríkjandi veðurlag á sumrin er þurr og svöl norð norðvestan hafgola, einkanlega framan af sumri. Snjólétt er á melum þessum á vetrum, sérstaklega norðantil, Norðan og norðaustan vindáttir eru algengar á vetrum og getur hvesst hressilega á melunum með tilheyrandi skafrenningi. Ársúrkoma er innan við 500 mm og getur úrkomuleysi framan af sumri hamlað sprettu eins og víða á Norðurlandi. Farið var í vettvangsferð hluta dags 22. júní árið 2000 og gróðurfar á svæðinu athugað.

Gróðurfar á Kolkuósmelum í gömlu Brimnesskógum er mjög einsleitt yfir að líta. Þar er eitthvert skýrasta dæmi um lyngmóa í Skagafirði. Kolkuósmelar eru mestmegnis þurrlandis-jarðvegur með einu grunnu framræstu mýrardragi. Lífræni jarðvegshlutinn er þunnur og undir honum nokkra metra malarlag og þar undir siltlag. Lausu jarðlögin í efstu lögum eru því lítið vatnsheld enda ber allur gróðurinn þess að merki, ríkjandi lyngmói þar sem fjalldrapi, sortu- og krækilyng eru mest áberandi. Stórar þúfur eru mjög fyrirferðamiklar með nokkrum rofdílum, sumsstaðar eru alveg berir melar inn á milli einkanlega þeir sem hærri standa. Gróðurinn ber þess merki að vera í stöðnun eða jafnvel í lítilsháttar framför, enda beitarálag ekki mikið á þessu svæði og lyngið ekki þær jurtir sem grasbítar sækja fyrst í. Einstaka gul- og gráviðir hefur skotið rótum og ekki er ósennilegt að birki sé á svæðinu þó ekki hafi það sést í skoðunarferðinni.

Fyrir nokkrum áratugum þegar búskapur var í Kolkuósi var beitarálag á svæðinu stórum meira en nú er og ber allt umhverfið þess merki að beit hefur verið nokkuð óvægin hér áður fyrr. Má því ætla að með minni beitarþunga aukist gróðurinn töluvert og birkið nái sér á strik ásamt víðinum á nokkrum áratugum. Landið var fyrrum hluti Brimnesskóga og má því ætla að landið hafi verið birki klætt og erfitt yfirferðar og villugjarnt. Skepnur áttu það til að tynast í Brimnesskógum og þekktust er sagan af Flugu sem hvarf í skóginum á fyrri öldum.

Gengið var yfir tilvonandi sorpurðunarsvæði og tegundir skráðar í leiðinni. Áberandi er hve fáar tegundir fundust á svæðinu en taka ber fram að margar tegundir sem vitað er að eru í álíka umhverfi hafa ekki enn blómstrað sökum þurrka og kulda í vor og sjást því illa. Skráðar voru niður 35 tegundir háplantna. Einir fannst en hann er ekki algengur í Skagafirði fyrir utan Hegranesið. Aðrar tegundir eru algengar í öllu mólendi.

Lyngmóarnir við Kolkuós er mjög einsleitir og virðast vera tiltölulega fátækir af tegundum. Trúlega veldur því mjög þurr og rýr jarðvegur og mikil beit áður fyrr. Tegundum og landslagi á svæðinu svipar til annars mólendis og eina tegundin sem ekki er algeng víðast í mólendi er einirinn.

Plöntulisti á svæði tilvonandi sorpurðunarstaðar:

axhæra	einir	hundasúra	músareyra
beitilyng	fjalldrapi	hvítmaðra	snarrótarpuntur
blávingull	fjallapuntur	klóelfting	sortulyng
bláberjalyng	geldingahnappur	kornsúra	stinnastör
blásveifgras	geitvingull	lambagras	túnsúra
blóðberg	gráviðir	ljónslappi	túnvingull
brjóstagras	gulviðir	loðviðir	vallhæra
bugðupuntur	hárleggjastör	lyfjagras	þursaskegg
flagahnoðri	holtasóley	móasef	

Farið var í aðra vettvangsferð á Kolkuósmela föstudaginn 1. september 2000. Ákveðið var að líta á stærra svæði en farið hafði verið yfir í júnímánuði síðastliðnum, einkum til norðurs og austurs á athafnasvæði tilvonandi sorpurðunar á Kolkuósmelum.


Eins og áður hefur komið fram er gróðurfarið mjög einsleitt yfir að líta, fjalldrapinn mest áberandi og einnig sortu- og krækilyng. Þegar farið er yfir svæðið vestan Krosshóla virðist lyngmóarnir nokkuð samfelldir yfir að líta og heilir, en þegar nánar er að gáð og litið er niður á milli þúfnanna er allnokkuð um rof, traðk frá gamalli tíð. Víða er gróðurinn að skriða saman milli þúfnanna enda virðist sem allt gróðurlendi sé í lítilsháttar framför á svæðinu, enda beit orðin sáralítill miðað við það sem áður var og öll vetrar- og vorbeit hætt. Á að giska er um 7/10 lands á athafnasvæðinu gróið. Þrátt fyrir að gróðurinn sé í framför munu nýjar tegundir trúlega eiga erfitt uppdráttar innan um hinn sterka fjalldrapa nema á berustu svæðunum. Hve fjalldrapinn er drottnandi bendir til mikils beitarálags áður fyrr, enda leggja grasbítar hann ekki sér í munn fyrr enn annar gróður er upprinn.

Ekkert sérstakt fannst í vettvangsferðinni, engar fágætar tegundir fundust ef undan er skilinn einirinn sem er ekki algengur í Skagafirði. Að öðru leiti er gróðurfar svipað og í öðru lyngmólendi. Heildasvipurinn er þó það sem einkennir Kolkuósmelana, hið samfellda víðáttumikla mólendi sem virðist vera endalaust þegar staðið er við Vagnbrautina. Mikilvægt er því í öllum aðgerðum á svæðinu að þær verði sem minnst áberandi, raski verði haldið í lágmarki og ásýnd landsins verði breytt sem minnst.

Eftirfarandi 52 tegundir háplantna fundust á svæðinu. Nokkuð bætist við listann frá því júní, bæði var farið yfir stærra svæði og síðan sjást plöntur betur seinni part sumars:

axhæra	fjalldrapi	hundasúra	melskriðnablóm
beitilyng	fjallapuntur	hnúskakrækili	móasef
blávingull	geldingahnappur	hvítmaðra	músareyra
bláberjalyng	geitvingull	ilmreyr	skollafingur
blásveifgras	grasvíðir	jakobsfífill	snarrótarpuntur
blóðberg	grávíðir	klóelfting	sortulyng
blómsef	gulvíðir	kornsúra	stinnastör
boghæra	grávorblóm	krækilyng	týtulingresi
brjóstagras	hálingresi	lambagras	túnsúra
bugðupuntur	hárleggjastör	ljónslappi	túnvingull
flagahnoðri	holtalógresi	loðvíðir	undafífill
einir	holtasóley	lyfjagras	vallhæra
engjasveifgras	holurt	lyngjafni	þursaskegg

Gróðurlendi á Kolkuósmelum



Skýringar



- Vegur í Kolkuós
- Vagnbraut
- Skurðir
- Athafnasvæði sorpurðunar


Gróðurlendi

- Gróðurlaust land
- Mólendi ríkjandi
- Graslendi ríkjandi

Skammtstölun gróðurlenda
 ME Melur FM Flagní (rofið mólendi)
 LM Lyngmó VL Vallendi

Löftmynd: Landmælingar Íslands
 Landgreining: Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Hólaeskóli
 Kortagerð: Hólaeskóli H.Þ. júní 2000

Mælikvarði 1 : 10 000



Náttúrustofa Norðurlands vestra

Aðalgata 2 Pósthólf 112 550 Sauðárkróki Sími 453 7999 Fax 453 7998

Netfang natturustofa@krokur.is Heimasíða <http://www.krokur.is/~nstofa>